

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um aukinn stuðning við móttöku flóttafólks.**

Undirrituð fagnar framkominni þingsályktunartillögu um aukinn stuðning við móttöku flóttafólks á Íslandi og telur hana vel bæra til afgreiðslu. Ljóst er að vandi flóttamanna er umtalsverður í heiminum í dag og straumur flóttamanna til Evrópu hefur sjaldan verið meiri. Verður Ísland að bera sína ábyrgð í þeirri stöðu og bjóða hingað velkomna fleiri en áður hefur verið gert.

Til Evrópu rata að meirihluta til einstæðir karlmenn á flóttu, sem eðli málsins samkvæmt hafa frekar tækifæri en barnmargar fjölskyldur til að leggja langt ferðalag á sig. Konur og barnmargar fjölskyldur flýja frekar til nágrannalanda en til fjarlæggra landa enda þarf töluvert hugrekki til að leggja á fjölskyldu hættulegar ferðir yfir Miðjarðarhafið. Raunin í dag er þó sú að fjöldi fjölskyldna sem leggja í slíka hættuför hafi líklega aldrei verið meiri.

Tillaga sú sem hér er fjallað um varðar svokallaða kvótaflóttamenn. Þar gefst íslenskum stjórnvöldum tækifæri til að handvelja þá sem boðin er vernd hér á landi. Af þeim sökum vill undirrituð sérstaklega vekja athygli á þeim orðum í þingsályktunartillögunni er varðar sameiningu fjölskyldna. Hér á landi er nú þegar nokkur hópur fólks frá Sírylandi sem á fjölskyldumeðlimi og ættingja í flóttamannabúðum í nágrannaríkjum Sírylands. Það er þeim sem hér búa afar sárt að horfa upp á að stjórnvöld geti ekki aðstoðað fjölskyldu við sameiningu nema um sé að ræða ákveðin tengsl, foreldra ólögráða barna annars vegar og maka og ólögráða börn hins vegar. Þannig eiga lögráða börn ekki möguleika á fjölskyldusameiningu hér á landi eins og staðan er í dag né heldur foreldrar lögráða barna sem hingað eru komin. Undirrituð telur að hægt sé með auðveldum hætti að gera könnun hjá þeim sem hér búa svo hefja megi án tafar framkvæmd við að sameina fjölskyldur með þessum hætti. Sá hópur sem þá kæmi ætti einnig auðveldara með að aðlagast nýju samfélagi með stuðningi fjölskyldu og ættmenna sem þegar væru búin að koma sér fyrir hér á landi. Slíkur stuðningur er ómetanlegur því erfitt getur verið að fóta sig í nýju landi eftir mörg ár á flóttu. Sá stuðningur myndi einnig létta álagi á þeim sem þegar eru hingað komnir og vilja aðstoða fjölskyldu sína við að fá vernd hér á landi sem og er ljóst að slíkur stuðningur mun án efa létta álagið á stoðkerfi félagsþjónustu. Yrði álagið á stoðkerfinu því minna en ef um einstaklinga er að ræða sem þyrftu fullan stuðning hins opinbera.

Undirrituð vill vekja athygli á meginreglu mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna sem og Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu flóttamanna er varðar fjölskyldusameiningu en þar er stjórnvöldum leiðbeint um að gera tilhlýðilegar ráðstafanir til að vernda fjölskyldur flóttamanna. Er þar tekið fram að meginreglan skuli *að lágmarki* ná til maka og ólögráða barna


en tekið er fram að ekkert er því til fyrirstöðu að fjölskyldusameining nái einnig til annarra ættingja líkt og þeirra barna sem nýlega eru orðin lögráða eða aldraðra foreldra.

Flóttamenn sem nú dvelja í flóttamannabúðum á vegum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, eru þegar skrásettir og því auðfundnir. Einnig er einfalt, með aðstoð ættingja hér á landi, að hafa uppi á fjölskyldumeðlimum svo hægt sé að koma þessu í framkvæmd. Telur undirrituð þennan hóp vera hvað einfaldastan fyrir íslensk stjórnvöld að hafa uppi á og veita vernd hér á landi. Þannig á að vera auðvelt að bregðast fljótt við og veita þessum aðstandendum íslenskra borgara tilhlýðilega vernd.

Að þessu sögðu ítrekar undirrituð jákvæða afstöðu sína til þingsályktunartillögunnar í heild og hvetur stjórnvöld til að flýta afgreiðslu hennar sem frekast er unnt.

Reykjavík, 19. október 2015

Virðingarfyllst



Helga Vala Helgadóttir  
héraðsdómslögmaður